

49 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um gjaldskyldu presta til**
10. apríl. prestlaunasjóðs.

Með brjefi, dagsettu 2. febr. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, látið uppi álit yðar um, hvernig eigi að svara fyrirspurn sóknarnefndar Auðkúlu-sóknar í Húnavatnsprófastsdæmi um það, hvort sóknarpresturinn undir hinum nýju launalögum eigi að greiða sóknartekjur til inntekta fyrir prestlaunasjóðinn, eins og aðrir búendur sóknarinnar. Hafið þjer tekið fram, að i lögunum hefði þurft að taka það fram fullum stöfum, ef átt hefði að svifta presta löghelguðir gjaldfrelsi; þvert á móti bendi orðalag 12. gr. prestlaunalaganna, að sóknar-nefndir eigi að innheimta þau gjöld, »er hingað til hefir átt að gjalda sóknar-presti«, til þess, að ekki eigi að krefjast sóknartekna af prestunum sjálfum.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi prófasti, að stjórnarráðið er yður samdóma um, að sóknarnefndir eigi ekki að setja á skýrslu sína um sóknartekjurnar, tíundir og önnur gjöld frá sóknarprestinum, og eigi krefjast þeirra gjalda af honum.

50 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um inn-**
14. apríl. heimtu á eftirgjöldum eftir kirkjujarðir.

Með brjefi, dagsettu 5. febr. þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, i tilefni af fyrirspurn hreppstjórans i Reykdælahreppi skýrt frá að i sýslu yðar muni það vera venja, að prestarnir hafi leigt kirkjujarðirnar til lífstíðar og gegn landaura-gjaldi, og spyrjist þjer þá fyrir um það, hvernig hreppstjórar eigi að standa skil á afganggjöldum jarðanna, ef byggingarbrjef þessi eru gild.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og frekari birtingar, að hreppstjórum ber að taka við eftirgjöldum eftir kirkjujarðir i þeim gjaldeyri, sem til er tekinn i byggingarbrjefunum, og vilji ábúandi ekki gjalda eftirgjaldið i peningum með verðlagsskrárverði, þá á hreppstjóri að koma eftirgjaldinu i peninga og gjöra skil fyrir því með verðlagsskrárverði, ef hann getur fengið það verð, en ella með því verði, er fæst fyrir hina goldnu landaura á opinberu uppboði.

51 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um**
29. apríl. flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, i brjefi dagsettu 25. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar i Glæsibæjarhreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess að þingstaðnr umgetins hrepps sje fluttur frá Glæsibæ að Sólborgarhóli, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.